

**Ed.**

**845. Nefndarálit**

um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1918 og 1919.

Frá fjárveitinganefnd.

Oft hefir það þótt við brenna, að fremur væri naumur tími sá, sem háttv. neðri deild skamtaði efri deild til þess að athuga og afgreiða fjárlagafrumvörpin. En þó virðist nú í þetta sinn sem kastað hafi tólfunum í þessum efnun.

Fjárlagafrumvarp það, sem nú liggur fyrir, var, eins og kunnugt er, lagt fyrir háttv. neðri deild 3. júlí, en barst hins vegar frá henni til efri deildar eigi fyr en rjettum 2 mánuðum síðar, 3. þ. m., eða, með öðrum orðum, að útrunnum hinum reglulega þingtíma og þá er fast er að þinglausnum komið.

Að vísu eiga sæti í háttv. neðri deild fast að helmingi fleiri alþingismenn en í efri deild, og frá þeirri hlið skodað verður að telja edlilegt, að sú deild þurfi alllangan tíma í hvert skifti til þess, fyrir sitt leyti, að ganga frá fjárlagafrumvarpinu. En hins vegar sýnist þó öll sanngirni mæla með því, að

hún miðlaði eigi tíma þeim, sem efri deild getur haft fjárlagafrumvarpið með höndum, af jafnskornum skamti, sem raun hefir á orðið í þetta sinn. Því sje sá tími eigi lengri en nú eru horfur á, mætti gera ráð fyrir, að efri deild teldi sig eigi geta haft þau áhrif á fjárlögin, sem henni ber, nje heldur borið þá ábyrgð á útkomu þeirra, sem hún á að hafa til móts við háttv. neðri deild.

Síðan fjárlagafrumvarpið barst í vorar hendur frá neðri deild og þar til nú, að vjer finnum oss knúða til, tímans vegna, að skila því aftur frá oss, eru eigi liðnir nema einir þrir dagar. Gefur því að skilja, að ef fjárveitinganefndin hefði verið varbúin, þá mundu störf hennar, á jafnstuttum tíma, hafa farið í fullum handaskolum. Og það því fremur sem ýms erindi, er fjárveitinganefnd neðri deildar hefir annaðhvort alls eigi haft með höndum eða þá eigi nema að litlu leyti, hafa streymt inn á nefndina á þessum fáu dögum.

En það, sem borgið hefir nefndinni og gerir það að verkum, að hún telur sig geta sent frumvarpið svo að segja jafnharðan frá sjer aftur, er það, að hún frá þingbyrjun hefir gert sjer far um að kynna sjer sem best öll þau erindi og skjöl, er komið hafa til Alþingis, bæði frá stjórninni og öðrum, og snerta að einhverju leyti útgjaldahlið fjárlaganna. Hefir hún í þeim tilgangi, og til þess að sinna fjárlögum og fjáráukalögum yfirleitt, setið á samtals 50 fundum, er flestir hafa staðið yfir alt að 2 klukkustundum í einu.

Nefndinni var það þegar ljóst, að henni mundi eigi unt að draga svo úr útgjöldunum, að tekjuhalli sá, er fjárlagafrumvarp neðri deildar ber með sjer, lækkaði að mun. Og það því síður, sem hún var og er sömu skoðunar og hv. fjárveitinganefnd neðri deildar um það, að ekki tjái nú, frekar en endrarnær, að spara útgjöld til ýmsra verklegra framkvæmda, er miða til atvinnubóta og ekki þarf erlent efni til, enda þótt hið núverandi ófriðarástand geri hvorttveggja í senn, að draga úr tekjunum og auka útgjöldin á ýmsan hátt.

Nefndin hefir því ekki sjeð sjer fært að strika út eða lækka nokkra þá útgjaldaliði, er nokkuð verulega gæti um munað. En hins vegar hefir hún viljað gæta allrar varúðar í því að auka útgjöldin mjög mikið fram yfir það, sem þau hafa orðið hjá háttv. neðri deild. Enda mun láta nærri, að það, sem hún hefir sjeð sig neyddu til að auka útgjöldin, geri eigi meira en jafnast upp á móti því, sem hún leggur til að sparað sje.

Breytingar þær, sem nefndin leggur til að gerðar sjeu á frumvarpinu, hafa þegar verið lagðar fram á sjerstöku þingskjali. En hjer vill nefndin leitast við að gera nokkra grein fyrir þeim og öðru því, er henni þykir sjerstaklega máli skifta.

#### 9. gr.

Við þessa grein leggur nefndin eigi til að nein sú breyting sje gerð, er tölum verði talin. En það þykir henni rjett, að frumvarpið beri það með sjer, að núverandi landsfjehirði, sem er gamall og reyndur starfsmaður landsins, sje ætluð sjerstök eða persónuleg launaviðbót, er vitanlega kæmi þá eigi til útborgunar, ef svo kynni að fara, að nýr og lítt reyndur maður tæki við starfinu. Þá þykir og nefndinni rjett að taka það fram, að hún gerir ráð fyrir, að peningaskápar þeir, sem losna við það að landið kaupir 2 nýja peningaskápa samkvæmt A. 6. lið, verða fluttir og notaðir við einhver þau embætti — svo sem sýslumanns- eða bæjarfógetaembætti — þar sem þörfin þykir brýnust fyrir þá.

#### 10. gr.

Háttv. neðri deild hefir hjer áætlað alþingiskostnaðinn 100% hærri en stjórnin hafði gert. En þótt gera megi ráð fyrir því, að kostnaður þessi fari allmikið fram úr þeim 80 þús. króna, sem stjórnin hefir áætlað hann, þá virðist nefndinni svo mikil hækkun óþörf, sem hjer hefir verið gerð. Og það því fremur sem hún lítur svo á, að aukalingskostnað — þótt til kæmi — beri ekki að áætla eða taka upp í fjárlög, enda er það í samræmi við nýlega gefna yfirlýsingu frá hálfu forsetanna. — Nefndin telur því, að 50% hækkun frá því, sem stjórnin hefir áætlað kostnað þennan — eða 120 þús. króna — muni nægja.

#### 11. gr.

Nefndin leggur til, að liðurinn B. 5. í þessari grein sje hækkaður úr 300 kr. upp í 500 kr. á ári. Er sú ástæða til þess, að hjer er um nauðsynjaverk að ræða, sem alls eigi má niður falla. Hins vegar hefir maður sá, sem veitt hefir aðstoð þessa, látið það í ljósi, bæði brjeflega og fyrir milligöngu skrifstofustjórans á 3. skrifstofu stjórnarráðsins, að hann mundi láta af þessum starfa, ef þóknun sú, er fyrir hann hefir verið greidd, yrði eigi eitthvað hækkuð.

Þá leggur nefndin og til, að 8. liðurinn, útgjöld til yfirsattanefnda og fyrir húsaskattvirðingar, sje hækkaður um helming. Útgjöldin til þessa voru samkvæmt landsreikningnum 1914 kr. 377,00 og 1915 kr. 439,00, svo að það rjettlætir það fullkomlega að ákveða þau kr. 400,00 á ári. Meiri hluti nefndarinnar vill enn fremur gera þá breytingu á þessari grein, að fella niður athugasemdina við B. 10. Þykir honum, ef hún fær að standa, að tekið sje aftur með annari hendinni það, sem veitt er með hinni, að því er sjúkrahúsin og sjúkraskýlin snertir.

#### 12. gr.

Nefndin getur ekki fallist á, að rjett sje að veita Jóni lækni Kristjánssyni bæði árin styrk til þess að reka lækningastofu sína. Því að bæði er þess að gæta, að hjer er, samkvæmt orðanna hljóðan, um dýrtiðarstyrk að ræða, sem eigi er gerandi ráð fyrir, að jafnnauðsynlegur verði árið 1919 sem árið 1918, og að hjer eru fleiri »praktiserandi« lækna, og meira að segja lækna, er leggja að meira eða minna leyti stund á samskonar lækningaaðferðir, og munu því fremur finna sig sem út undan hafða, ef styrkur þessi er látinn standa óhreyfður bæði árin.

Þá vill nefndin og láta nægja að veita að eins 1000 kr. til undirbúnings landsspítalabyggingar fyrra árið. Hyggur hún, að hjer geti eigi verið um annan undirbúning að ræða en þann, sem framkvæma megi fyrir þetta fje, svo sem að velja stað fyrir væntanlega spítalabyggingu, og ef til vill útvega einhverjar frumteikningar, en telur hins vegar langt í land að þörf sje á frekari undirbúningi í þessum efnum, bæði vegna yfirstandandi ófriðarástands og sakir þess, hvað landsspítalasjóðurinn er enn þá smár, saman borið við það, sem slík bygging hlýtur að kosta.

Læknirinn á Vífilsstöðum sendi stjórn og þingi erindi þess efnis, að nauðsyn bæri til að stofna hið fyrsta sjerstaka barnadeild við heilsuhælið. Fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að nauðsynlegt sje í framtíðinni að nota meir nýtisku ljóslækningar þær, sem nú er byrjað að viðhafa við útvortis berkla, er sjerstaklega gera vart við sig hjá börnum og unglíngum. Sýnir læknirinn fram á, að heppi-

legast yrði þá að taka núverandi bústað læknis fyrir þessa deild, en byggja í þess stað sjerstakan bústað fyrir lækninn. Bústaður læknis er nú mjög illa settur. Yfir honum eru sjúkrastofur, en mjög hljóðbært í hælínu, svo að hvorir tveggja, sjúklingar og heimilismenn læknis, hafa ónæði hvorir af öðrum. Þá er einnig mikið gerandi úr því, að þegar læknir hælísins er fjölskyldumaður, þá er sýkingarhætta fyrir börn hans yfirvofandi, ef innangengt er úr bústað hans í sjúkrabústaðinn. Er þá ógerningur að gæta barna svo, að þau geti ekki farið sjer að voða af þessum sökum.

Þótt nú nefndin hafi ekki sjeð sjer fært vegna núverandi dýrtíðar að leggja til, að fje verði veitt að þessu sinni til þess að byggja læknisbústað, þá vill hún veita þær 2 þús. króna, er læknir telur nauðsynlegar til aukningar á ljóslækn-ingatækjum hælísins og sýnir mjög glögglega fram á, að borið hafi einkar góðan árangur, þrátt fyrir það þótt ófullkomin hafi verið hingað til. En hvað hitt atriðið snertir, bygging sjerstaks læknisbústaðar, þá vill hún láta þess getið, að hún er því hlynt og telur rjett, að það verði gert í náinni framtíð. Og þar sem stjórninni mun nú verða veitt heimild til þess að undirbúa ýms fyrirhuguð opinber mannvirki, ef með þarf til atvinnubóta, þá álitur nefndin rjett, að undirbúningur undir þessa byggingu yrði eitt af þeim verkum.

Þá vill nefndin og hækka nokkuð styrkinn til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, og þykist hún eigi þurfa að færa frekari ástæður fyrir því en hún þegar hefir gert í nefndarálitinu um fjáráukalagafrumv. fyrir árin 1916 og 1917.

Landlæknir flutti nefndinni og mælti með erindi frá forstöðukonum Landakotsspítalans, þar sem farið var fram á 20 þús. króna dýrtíðarstyrk til nefnds spítala. Nefndin ljét sjer skiljast það, að þörf mundi hjer, sem svo víða annarsstaðar, á einhverri hjálp, sjerstaklega vegna kolaverðsins, en sá sjer hins vegar eigi fært að verða við svo hárra kröfu. Í þeirri von, að dýrtíðinni verði nokkuð farið að ljetta árið 1919, leggur hún til, að dýrtíðarstyrkur sje veittur spítala þessum að eins fyrra árið, þó eigi nema helmingur þess sem um er beðið, en gerir á hina hliðina ráð fyrir því, ef landsstjórnin kann að hafa kol til umráða frekar en nú eru fyrir hendi, þá geri hún spítalastjórninni kost á að fá kol keypt með sem vægastu verði að unt er.

Utanfarastyrkinn til hjeraðslækna vill nefndin hækka um 500 kr. á ári og ætlar hverjum 200 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis, í stað 150 króna, og þykir henni sem þar sje eigi offrekt í farið, eftir því sem nú er ástatt.

### 13. gr.

Upphæðinni í 13. gr. A. 3. d. innan striks, 6500 kr., hefir nefndin breytt í 5600 kr. Stafar sú breyting að eins af því, að hjer er annaðhvort um ritvillu eða prentvillu að ræða, er var þeim mun meinlegri, sem hún sýnilega hefir haft áhrif á aðalupphæðina utan striks.

Um breytinguna á liðnum 13. gr. B. I. 3. lætur nefndin sjer nægja að vísa til álits fjárveitinganefndar neðri deildar.

Þótt nefndin hafi ekki lagt til, að nokkur breyting sje gerð á B. VI. (tillög til akfærra sýsluvega), þá vill hún í sambandi við þann lið taka það fram, að hún er samþykk ummælum og áliti háttv. fjárveitinganefndar neðri deildar um brú yfir Hvítá í Borgarfirði, hjá Ferjukoti, og vegakafli að og frá henni.

Liðurinn 13. gr. D. IV. 12. leggur nefndin til að hækkaður sje um 300 kr. Orsökkin til þess er sú, að við það að bera saman fje það, sem í nógildandi fjárlögum er veitt til hinna ýmsu ritsímastöðva, við fjárhæðir þær, sem í fjárlagafrumvarpinu nú eru til þeirra ællaðar, kom það í ljós, að ritsímastöðin í Vestmannaeyjum var sú eina, sem ekkert var hækkað hjá. En það taldi nefndin ekki rjett, með því að gera má ráð fyrir, að kostnaður við þessa ritsímastöð hljóti að stíga í svipuðu hlutfalli og við aðrar ritsímastöðvar, sjerstaklega að því er snertir eldsneyti.

Þá hefir nefndin og komið fram með tillögu um, að hækka laun vitalastjóra um 200 kr. Styðst sú tillaga á aðra hlið við það, að maður þessi er búinn að vera allengi í þjónustu landsins, og á hina hliðina er við því búíð, ef launin eru eigi eitthvað hækkuð, að hann leiti sjer atvinnu annarsstaðar en í þjónustu þess, þar sem honum munu hafa verið boðnar ýmsar stöður aðrar vel launaðar.

#### 14. gr.

Nefndin leggur til að hækka liðinn B, I, a. um 200 kr. hvort árið, og er tilgangur hennar með því sá, að prófessor Sigurður P. Sivertsen fái notið þeirra 400 kr. árlegu persónulegu launaviðbótar, er hann hefir haft, út næsta fjárhagstímabil. Finst nefndinni öll sanngirni með því mæla, og það því fremur sem prófessorinn hefir nú á þessu sumri orðið að takast ferð á hendur til útlanda sjer til lækninga, er hlotið hefir að kosta hann mikið fje.

Þá vill og nefndin hækka styrkinn til unglíngaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar um 500 kr. Og er það í því skyni gert, að unglíngaskólinn á Hvammstanga, sem, samkvæmt öllum upplýsingum, verður að teljast góðs maklegur, fái notið sömu hlunninda sem t. d. unglíngaskólinn á Núpi í Dýrafirði. Eigi vill nefndin lækka neitt styrkinn til gagnfræðaskólans í Flensborg, en vill hins vegar gera það að skilyrði fyrir landssjóðsstyrknum, að skólanum sje lagður nokkur styrkur úr bæjarsjóði Hafnarfjarðarkaupstaðar og sýslusjóði Gullbringusýslu, með því að hjeruð þessi njóta vitanlega mestra hagsmuna af skóla þessum.

#### 15. gr.

Laun 1. bókavardar við landsbókasafnið leggur nefndin til að hækki um 200 kr. á ári, og virðist það eigi þurfa neinnar skýringar. En þar sem nefndin vill láta hækka liðinn 1. f., fjárupphæðina til þess að kaupa bækur og handrit til bókasafnsins, um 1000 kr. hvort árið, þá er tilgangurinn sá, eins og at-hugasemdin ber með sjer, að safnið eignist sögnfræðasafn Jónasar heit. Jónssonar háskóladyravarðar, ásamt handriti hans af íslenskri sálmafræði, sem ekkja hans ætlar að gefa safninu, ef kaupin takast. Og þar sem söngfræðasafn þetta hefir verið gefið falt fyrir 5000 kr., gæti landsbókasafnið, með þeirri aðferð sem hjer er lagt til að nota, greitt til fulls andvirði söngfræðasafnsins á 5 árum.

Styrk til þess að ljúka við útgáfu safnsins »Lög Íslands, öll þau sem nú gilda«, 1500 kr. hvort árið, vill nefndin veita. Telur hún að slík bók muni reynast mjög þörf og geti orðið að notum bæði löglærðum og ólöglærðum mönnum.

Styrkinn til skálda og listamanna telur nefndin rjett að hækka um 2000 kr. síðara árið. Byggir hún þá tillögu sína eigi hvað síst á því, að háttv. neðri

deild hefir samþykkt að veita sjerstökum manni 2000 kr. styrk fyrra árið til tónfræðináms í Þýskalandi, og hjer er af fjárveitinganefnd farið fram á að veita öðrum mjög efnilegum, en fátækum listamanni, Gunnlaugi P. Blöndal, 1200 kr. styrk, sömuleiðis fyrra árið, til teikni- og pentlistarnáms, sem yrði þá samtals 3200 kr. hækkun á listamannastyrknum fyrra árið, fram yfir það sem háttv. neðri deild hefir sett hann síðara árið. En sje hann hækkaður um 2000 kr. síðara árið, eins og fjárveitinganefndin leggur til, verður mismunurinn minni á árunum, enda ekki ósennilegt, að síðara árið komi fram, eins og fyrra árið, einhverjir nýir menn á þessu sviði, sem sjeu þurfandi og maklegir fyrir einhvern styrk.

Útgjöldin til þess að semja og búa undir prentun íslenska orðabók með íslenskum þýðingum leggur nefndin til að færð sje niður í hið upprunalega, 3000 kr. á ári. Litur nefndin svo á, að vjer verðum að láta oss nægja að halda einn mann við þetta starf, enda óvíst, hvernig færi um samkomulag og samvinnu milli tveggja manna.

Þá leggur nefndin og til, að breytt sje 27. liðnum, styrknum til dr. Helga Jónssonar. Vill hún að honum sje skift í tvent, og fái doktorinn að halda þeim 1800 kr. hvort árið, sem hann hefir haft til mýrarannsóknar og grasafraedi. En í öðru lagi sje honum veitt 1200 kr. fyrra árið, til rannsóknar á næringargildi þörungunga til mannelis og skepnufóðurs og meðferð þeirra. Litur nefndin svo á, að slíkri rannsókn verði að vera að mestu lokið á einu ári, að minsta kosti, ef hún á að geta að nokkrum notum komið nú í dýrtíðinni, sem mun hafa verið meðfram tilætlunin. En að veita árlegan styrk í þessu skyni telur nefndin með öllu tilgangslaust.

Liðurinn 51, styrkurinn til Sigurðar-regluboða og dannebrogsmanns Eiríkssonar, leggur nefndin til að falli burt á þessum stað, en í þess stað verði nefndum heiðursmanni veittur hæfilegur ellistyrkur í 18. greininni. Hefir nefndin ástæðu til að ætla, að hann sjálfur muni telja sóma sinum og hagsmunum fult svo vel borgið með því, enda þótt styrkurinn sje ákveðinn þar lægri.

#### 16. gr.

Fjárveitinguna til undirbúnings húsmæðraskóla vill nefndin fella niður fyrra árið. Litur hún svo á, að eftir því sem nú er ástatt, og þar sem stofnun húsmæðraskóla virðist enn eiga nokkuð langt í land, þá sje nægilegt að fjárveiting þessi sje látin standa að eins seinna árið.

Nefndinni barst á síðustu stundu erindi frá vegamálastjóra. Fer hann þar fram á 2200 kr. fjárveitingu fyrra árið til þess að fullgera áveituna á Miklavatnsmýri. Það sem hann telur að gera þurfi, er að koma í veg fyrir það, að við upp-tök aðaláveituskurðarins safnist sandur, er hindrar það, að vatnið úr ánni geti runnið inn í skurðinn, svo og að sprengja upp klappir í botni skurðarins, er á stöku stað eru framrenslí vatnsins til hindrunar. Nefndin áleit, að hjer væri um nauðsynjamál að ræða, og að óumflýjanlegt væri að veita þessa áminstu upphæð, til þess að mannvirki það, sem hjer um ræðir, gæti að notum komið, og því mikla fje, sem í það hefir verið lagt, væri ekki á glæ kastað.

Nefndin hafði meðal annara skjala með höndum erindi frá hreppsnefnd Landmannahrepps, þar sem farið er fram á 5000 kr. styrk til sandgræðslutilrauna í hreppnum. Nefndinni er það kunnugt, að brýn þörf kallar hjer að, og telur áhuga þann og viðleitni, sem Landmenn hafa sýnt á því að reyna til að hefta

sandblásturinn, í alla staði virðingarverða, og vill því, þótt eigi telji hún hægt að verða við fullum óskum þeirra, láta rjetta þeim nokkra hjálparhönd. Hefir hún í því skyni fært upphæð þá, sem ákveðin er til sandgræðslu, upp um 1000 kr. hvort árið. Og er þá beinn tilgangur hennar, og eftir samkomulagi við forstjóra sandgræðslumálanna, að Landmannahreppur verði aðnjótandi þessarar hækkunar beggja árána, en vitanlega með sömu skilyrðum og annar sandgræðslustyrkur er veittur.

Þess vill nefndin láta getið í sambandi við 16. lið, þótt hún leggi ekki til að hækka hann, að hún telur rjett, að stjórnin veiti af honum styrk efnilegum mönnum, er leggja stund á rafmagnsfræði, sjerstaklega smíði og viðgerðir á áhöldum til þeirra nota.

Þá leggur nefndin til, að hækkaður sje styrkurinn til Fiskifjelagsins handa erindreka erlendis. Telur hún 4000 kr. á ári hvorki heilt nje hált, og annaðhvort sje að veita 12000 kr., eins og fjárveitinganefnd neðri deildar hefir stungið upp á, eða alls ekkert í þessu skyni. En um leið og nefndin leggur það til, gengur hún út frá því sem sjálfsgöðu, að á sínum tíma og þegar raknar úr því ástandi, sem nú er, verði sömuleiðis veitt svipuð fjárupphæð til samskonar erindreka fyrir hönd landbúnaðarins. En þar sem nú á þessu fjárhagstímabili getur eigi orðið nema um þennan eina erindreka að ræða, — erindreka fyrir hönd sjávarútvegsins — þá telur nefndin rjett, að honum væri falið af stjórninni — er að sjálfsgöðu skipar hann eftir tillögum Fiskifjelagsins — að grenslast eftir heppilegustum aðferðum til þess að sjóða niður kjöt og leita eftir markaði fyrir það, sem og hver tiltök væri með flutning á kældu og freðnu kjöti, svo sem stjórn Landbúnaðarfjelagsins hefir farið fram á að gert yrði, í brjefi, dagsettu 14. júlí þ. á., til Alþingis.

#### 18. gr.

Við þessa grein hefir nefndin gert, eða lagt til að gerðar yrðu, svo smávægilegar breytingar, að henni þykir ekki taka því að fara um þær orðum í nefndarálitinu sínu. En það vill hún taka fram, að form þessarar greinar þykir henni vera orðið óviðfeldið og óskipulegt, og gerir því ráð fyrir að koma með breytingartillögu til umbóta á því við 3. umræðu.

#### 21. gr.

Breytingin við þessa grein miðar að eins til þess að meiningin komi skýrara í ljós, að þingið að eins heimilar stjórninni, en skipar ekki, að veita þau lán, sem um er getið í greininni. En þyki orðalag breytingartillögunnar koma illa heim við suma liði greinarinnar, má auðveldlega laga það til þriðju umræðu, eða jafnvel að eins í prentuninni.

Að því er snertir þær breytingartillögur nefndarinnar, sem eigi hefir verið minst á hjer, lætur hún nægja, að þeirra verði getið í framsögunni.

Alþingi, 6. sept. 1917.

Jóh. Jóhannesson,  
formaður.

Eggert Pálsson,  
ritari.

M. J. Kristjánsson.

Hjörtur Snorrason.

Karl Einarsson,